

Fundur stjórnar Foreldrafélags Hrafnagilsskóla (FFH) haldinn á kaffistofu Hrafnagilsskóla fimmtudaginn 2. febrúar 2017 kl. 20:30

Fundinn sátu Sigríður formaður, Auður ritari, Valur, Hrund skólastýra og Ólöf Ása aðstoðarskólastýra.

1. Jákvæður agi. Umræður um jákvæðan aga og hvernig hann er kynntur fyrir öllu starfsfólki skólans, leshópar í gangi og samtali um þessa agastefnu. Skólastjórnendur sjá framfarir og breytingar á skólastarfi, minni árekstrar og málin frekar leyst á staðnum, börnin finna gjarnan lausnir á vandamálunum sjálf.
2. Frístund er rekin af skólanum, honum hafa ekki borist óskir um lengri opnunartíma. Umræður um samspil frístundar og æfingartíma Samherja.
3. Aðbúnaði á skólalóð er verulega ábótavant og mikil þörf á að taka næsta áfanga til framkvæmdar. Auði falið að senda sveitarstjórn fyrirspurn um framvindu þessa máls.
4. Aðkoma foreldra. Lítil ásókn hefur verið í fræðsluerindi síðustu ára og var hugmyndin að breyta til í ár. Kaffihússpjall með aðkomu Foreldrafélags Krummakots og Samherja verði skoðað og reynt að koma á í mars.

Stjórnin þakkar skólastjórnendum kærlega komuna á fundinn og fyrir skemmtilegar og gagnlegar samræður.

Fundi slitið 22:30